

# Barnaskapur og sjálfsblekking

Eftir Þorstein Sæmundsson

Að undanfögnu hefur mikið verið rætt um hlýnun jarðar og þær ráðstafanir sem Íslendingar eigi að gera til að draga úr losun koldíoxíðs. Þær aðgerðir sem fyrirhugaðar eru af stjórnvöldum munu verða mjög kostnaðarsamar og hafa veruleg áhrif í virkjunar- og umhverfismálum. Spurningin er hvort þessi stefna stjórnvalda sé réttlæt-anleg. Um 90% af orkunotkun Íslendinga styðst við endurnýjanlega orkugjafa. Það er því ekki við Íslendinga að sakast ef koldíoxíð í andrúmsloftinu er farið að hafa áhrif á loftslagið. Þeir eru á grænni grein. Aðrar þjóðir eru hinir eiginlegu sökudólgar, og þeim ber að hafa forgöngu um aðgerðir. Margar þjóðir eiga þarna hlut að máli, en mest er ábyrgð Kína, sem reidir sig mjög á kolaorku. Úr henni fá Kínverjar um 1.000 gígavött, og kolaorkuverum í Kína fjölga stöðugt. Árið 2020 bættist 41 gígavatt við kolaorkuframléiðslu Kínverja, og árið 2021 var lagður grunnur að orkuverum sem framléiða munu 33 gígavött til viðbótar. Jafnframt gáfu kínversk stjórnvöld til kynna að þau myndu ekki geta staðið við fyrri áætlanir um að minnka losun koldíoxíðs þar sem atvinnulífið yrði að reida sig svo mjög á brennslu kola. Til sam-amburðar skal bent á að heildarorku-notkun á Íslandi er aðeins þrjú gígavött, þ.e. minna en tíundi hluti af



Þorsteinn Sæmundsson

árlegri aukningu kolaorku í Kína. Það er því algjör barnaskapur og sjálfsblekking að ímynda sér að ráðstafanir Íslendinga skipti einhverju máli.

Áhersla íslenskra stjórnvalda á orkuskipti í vegasamgöngum með fjölgun rafmagnsbíla er sömuleiðis vafasöm. Þar er aðeins um að ræða lítið brot af fyrrnefndum þremur gígavöttum, auk

» Íslendingar geta sparað sér kostnaðarsamar aðgerðir í umhverfismálum.

Þess sem framleiðsla bílrafgeyma og förgun þeirra vekur alvarlegar spurningar af umhverfisástæðum.

Sett hafa verið metnaðarfull alþjóðleg markmið til að takmarka hitastigshækkun á jörðu. Ekkert bendir til þess að þeim markmiðum verði náð. Því ættu menn fremur að búa sig undir þá hlýnun sem í vændum er. Hinn þekkti stjórnufræðingur Fred Hoyle sagði á sínum tíma að ef hlýnunin væri af mannavöldum mætti líta á hana sem jákvætt skref, því að hún gæli bjargað mannkyninu frá ísöld sem annars væri líkleg að hans mati. Hvort sem menn eru sammála Hoyle eða ekki er þetta umhugsunarvert.

Höfundur er stjórnufræðingur.  
halo@hi.is